

Nr. 086 / 09 Silfurnes SF 99**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2697
Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast
Stærð: 7,31 brl. 7,19 bt.
Mesta lengd: 9,54 m Skráð lengd: 9,48 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,19 m
Vél: Volvo Penta 247 kW 2004
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:

Gögn RNS



Silfurnes©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. júlí 2004 var Silfurnes SF 99 á siglingu úr höfn frá Ólafsvík. Veður: N 8-10 m/sek.

Fyrir brottför var tekin olía en skipverjum láðist að loka áfyllistútnum, sem er niðurfelldur í borðstokkinn. Þegar komið út fyrir baujuna á Víkinni stöðvaðist vélin og í ljós kom vatnsskilja hafði stöðvað olíurennslu til hennar.

Bátinn rak hratt til lands og óskaði skipstjóri eftir aðstoð. Mangi á Búðum SH kom fljótlega og dró bátinn til hafnar. (Mynd©Alfons Finnsson)



Silfurnesið dregið til hafnar©Alfons Finnsson

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.